



Snuð og pelar

Ekki þarf að sjóða snuð og pelatúttur.

Pela má þvo eins og annað leirtau upp úr heitu sápuvatni eða setja í uppvottavél.

Fyrir fyrstu notkun – setja í hreint ílát og hella sjóðandi vatni yfir. Láta liggja í 5 mínútur. Kæla með köldu kranavatni.

Eftir það má þvo pela, snuð og túttur eins og önnur matarílát.

Kannið í leiðbeiningum frá framleiðanda hvort pelar, túttur og/eða snuð megi fara í uppvottavél.



Til að minnka smithættu er ekki ráðlegt að foreldrar stingi snuði upp í sig.

Æskilegra að velja silicon snuð þar sem bakteríur vaxa síður í því en latexi.

Gott er að toga reglulega í túttuna (snuðið líka) til að athuga hvort hún sé heil. Þegar hún er orðin klístruð er hún ónýtt.